

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2005/EES/37/01		Orðsending Eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-ríkjanna, aðildarríkja ESB og annarra þeirra sem eiga hagsmuna að gæta — Ríkisaðstoð nr. 56136 (áður 48001) – Fyrirhuguð framlenging á gildistíma samningsins um Hurtigruten. . . . .	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2005/EES/37/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3821 – Rheinmetall/Diehl/AIM) . . . . .	2
2005/EES/37/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3866 – SUN/StorageTek) . . . . .	3
2005/EES/37/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3895 – PHL/PEL) . . . . .	4
2005/EES/37/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3648 – Gruner+Jahr/MPS) . . . . .	5
2005/EES/37/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3762 – Apax/Travelex) . . . . .	5
2005/EES/37/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3764 – Belgacom/Swisscom/JV) . . . . .	6

<b>2005/EES/37/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3783 – TPG/British Vita) . . . . .	<b>6</b>
<b>2005/EES/37/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3789 – Johnson Controls/Robert Bosch/Delphi SLI) . . . . .	<b>7</b>
<b>2005/EES/37/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3833 – 3i SGR/Giochi Preziosi) . . . . .	<b>7</b>
<b>2005/EES/37/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3836 – Goldman Sachs/Pirelli Cavi e Sistemi Energia/Pirelli Cavi e Sistemi Telecom) . . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/37/12</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á 128. fundi nefndarinnar hinn 23. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom . . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/37/13</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 379. fundi nefndarinnar hinn 20. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.750 – Franskt öl . . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/37/14</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 380. fundi nefndarinnar hinn 27. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.750 – Franskt öl . . . . .	<b>9</b>
<b>2005/EES/37/15</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 385. fundi nefndarinnar hinn 29. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólinklórið . . . . .	<b>9</b>
<b>2005/EES/37/16</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 386. fundi nefndarinnar hinn 6. desember 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólinklórið . . . . .	<b>9</b>
<b>2005/EES/37/17</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>10</b>
<b>2005/EES/37/18</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.152 – Plasterboard (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>10</b>
<b>2005/EES/37/19</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/32.448 og 32.450 – Compagnie Maritime Belge (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>10</b>
<b>2005/EES/37/20</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E-1/37.370 – Sorbates (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>10</b>
<b>2005/EES/37/21</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.750 – Brasseries Kronenbourg, Brasseries Heineken (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>11</b>

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Orðsending Eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-rikkjanna, aðildarríkja ESB og annarra þeirra sem eiga hagsmuna að gæta**

**2005/EES/37/01**

**Ríkisaðstoð nr. 56136 (áður 48001) – Fyrirhuguð framlenging á gildistíma samningsins um Hurtigruten**

Með bréfi dags. 20. apríl 2004 tilkynntu norsk stjórnvöld Eftirlitsstofnun EFTA að fyrirhugað væri að framlengja gildistíma hins svonefnda Hurtigrutensamnings um sjóflutninga með ströndum Noregs til ársloka 2005 og ef til vill allt til ársloka 2006. Þessir samningar hefðu haft í för með sér greiðslur af fjárlögum fyrir almannajónustu á vegum fyrirtækjanna sem sjá um flutningana.

Hinn 11. ágúst 2004 hóf eftirlitsstofnunin formlega rannsókn á hinni fyrirhuguðu aðstoð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Áður en sú ákvörðun var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau afturkölluðu norsk stjórnvöld ofangreinda tilkynningu með bréfi dags. 29. september 2004.

Með því að norsk stjórnvöld hafa afturkallað tilkynninguna og hyggjast hvorki framlengja samningana né veita aðstoðina sem tilkynnt hafði verið hefur eftirlitsstofnunin ákveðið að leggja niður formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3821 – Rheinmetall/Diehl/AIM)

2005/EES/37/02

### Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júlí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Diehl Stiftung & Co. KG („Diehl“) og Rheinmetall AG öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu AIM Infrarot-Module GmbH („AIM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Diehl: ófullunnir íhlutir úr málm, rafeindastýringar, flugtækni og hernaðartækni
  - Rheinmetall: ökutækja- og hernaðartækni
  - AIM: tæknibúnaður sem byggist á notkun innrauðs ljóss
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 180, 22. júlí 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3821 – Rheinmetall/Diehl/AIM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3866 – SUN/StorageTek)****2005/EES/37/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júlí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið SUN Microsystems Inc. („SUN“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir bandaríska fyrirtækinu Storage Technology Corporation („StorageTek“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SUN: tölvukerfi, gagnavistunarbúnaður fyrir netkerfi, stoðþjónusta
  - StorageTek: gagnavistunarkerfi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 185, 28. júlí 2005). Þær má senda með simbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3866 – Sun/StorageTek, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3895 – PHL/PEL)**

2005/EES/37/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júlí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Permira Holdings Ltd („PHL“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hinu breska Permira Europe Ltd („PEL“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PHL: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum með starfsemi á sviði fjarskiptaþjónustu, vegaþjónustu og fjármálaþjónustu, rekstrar farþega- og ekjuskipa og smásölu og heilðsölu á neytendavörum
  - PEL: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum með starfsemi á sviði rafeindaíhluta til sérnota, ferðaskipulagningar, lásakerfa fyrir bifreiðar, búnaðar í farþegarými ökutækja, sérnotaíðefna, vistunarkerfa, vélknúinna skemmtisnekkja, gistiúsarekstrar, áskriftarsjónvarps, heilsu- og líkamsræktarstöðva, sjóntækja og sjónlækningatækja, kvenfatnaðar og leirflísafrafléðslu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 179, 21. júlí 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3895 – PHL/PEL, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3648 – Gruner+Jahr/MPS)**

2005/EES/37/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. apríl 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á þýsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3648. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3762 – Apax/Travelex)**

2005/EES/37/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3762. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3764 – Belgacom/Swisscom/JV)**

2005/EES/37/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. maí 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3764. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3783 – TPG/British Vita)**

2005/EES/37/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3783. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3789 – Johnson Controls/Robert Bosch/Delphi SLI)**

2005/EES/37/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3789. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3833 – 3i SGR/Giochi Preziosi)**

2005/EES/37/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. júlí 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3833. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2005/EES/37/11**  
**(mál COMP/M.3836 – Goldman Sachs/Pirelli Cavi e Sistemi**  
**Energia/Pirelli Cavi e Sistemi Telecom)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. júlí 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3836. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á** **2005/EES/37/12**  
**128. fundi nefndarinnar hinn 23. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli**  
**COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á 128. fundi nefndarinnar hinn 23. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 151 frá 22. júní 2005.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á** **2005/EES/37/13**  
**379. fundi nefndarinnar hinn 20. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í**  
**máli COMP/C.37.750 – Franskt öl**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 379. fundi nefndarinnar hinn 20. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.750 – Franskt öl.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 175 frá 15. júlí 2005.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 2005/EES/37/14**  
**380. fundi nefndarinnar hinn 27. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.750 – Franskt öl**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 380. fundi nefndarinnar hinn 27. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.750 – Franskt öl.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 175 frá 15. júlí 2005.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 2005/EES/37/15**  
**385. fundi nefndarinnar hinn 29. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólínlórið**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 385. fundi nefndarinnar hinn 29. september 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólínlórið.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 180 frá 22. júní 2005.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 2005/EES/37/16**  
**386. fundi nefndarinnar hinn 6. desember 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólínlórið**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 386. fundi nefndarinnar hinn 6. desember 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.37.533 – Kólínlórið.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 180 frá 22. júní 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom****2005/EES/37/17**

**(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)**

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/M.3431 – Sonoco/Ahlstrom.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 151 frá 22. júní 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.152 – Plasterboard****2005/EES/37/18**

**(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)**

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/37.152 – Plasterboard.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 156 frá 28. júní 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/32.448 og 32.450 – Compagnie Maritime Belge****2005/EES/37/19**

**(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)**

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/32.448 og 32.450 – Compagnie Maritime Belge.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 162 frá 2. júlí 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E-1/37.370 – Sorbates****2005/EES/37/20**

**(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)**

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/E-1/37.370 – Sorbates.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 173 frá 13. júlí 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.750 – Brasseries Kronenbourg,  
Brasseries Heineken**

2005/EES/37/21

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/37.750 – Brasseries Kronenbourg, Brasseries Heineken.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 175 frá 15. júlí 2005.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.533 – Kólinklórið**

2005/EES/37/22

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/37.533 – Kólinklórið.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 180 frá 22. júlí 2005.

**Auglýst eftir tillögum – EAC/22/2005**

2005/EES/37/23

**Tempus III: Leiðbeiningar fyrir umsækjendur 2005–2006**

Framkvæmdastjórnin hefur auglýst eftir tillögum á grundvelli Tempus, áætlunar Evrópusambandsins um samstarf æðri menntastofnana í Evrópu, en í tengslum við hana er úthlutað styrkjum til uppbyggingar og endurskipulagningar æðri menntunar í þáttökuríkjunum.

Óstytta texta auglýsingar vegna Tempus-áætlunarinnar (leiðbeininga fyrir umsækjendur vegna árána 2005–2006) er að finna á neðangreindri slóð. Einnig er vakin athygli á skjölum þar sem fjallað er um einstakar tillögur og hlutgengi styrkumsókna frá tilteknum þáttökuríkjum:

[http://europa.eu.int/comm/education/programmes/tempus/index\\_en.html](http://europa.eu.int/comm/education/programmes/tempus/index_en.html)

Styrkumsóknir verða að fullnægja öllum skilyrðum sem sett eru í auglýsingunni og ber að nota rafræn eyðublöð sem er að finna á ofangreindu vefsetri.

Auglýsingin birtist í fullri lengd í Stjtið. ESB C 170 hinn 9. júlí 2005.

**Orðsending danskra stjórnvalda um auglýsingu eftir umsóknum um leyfi til kolvatnsefnaleitar og -vinnslu á tilteknu svæði í Norðursjó****2005/EES/37/24****Sjötta leyfisúthlutunarlotu danskra stjórnvalda**

Með hliðsjón af a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni er hér með kunnngjört að í samræmi við a-lið 1. mgr. 12. gr. laga nr. 526 frá 11. júní 2002 um nýtingu auðlinda í jörðu í Danmörku, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 1230 frá 27. desember 2003 og lögum nr. 442 frá 9. júní 2004, er heimilt að leggja fram umsóknir um vinnsluleyfi á svæði því á dönsku landgrunni í Norðursjó sem liggur vestan 6° 15' austlægrar lengdar (um er að ræða *Centralgraven* og nálæg svæði) og rennur umsóknarfrestur út kl. 12.00 hinn 1. nóvember 2005. Fari svo að tíminn frá birtingu þessarar orðsendingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 176, 16. júlí 2005) til 1. nóvember 2005 sé skemmri en 90 dagar má leggja fram umsóknir til kl. 12.00 á nítugasta degi eftir að orðsendingin birtist í Stjórnartíðindunum.

*Svæði*

Sækja má um leyfi til kolvatnsefnaleitar og -vinnslu á þeim hlutum svæðisins, sem liggur í og nálægt *Centralgraven* í Norðursjó, sem ekki eru bundnir öðrum leyfum, sbr. kort sem fánlegt er í dönsku orkustofnuninni (*Energistyrelsen*) og birt er á vefsíðu hennar á slóðinni [ens.dk](http://ens.dk). Mörk svæðisins til norðurs, vesturs og suðurs samsvara landamærum gagnvart Noregi, Bretlandi og Þýskalandi á landgrunni, en austurmörkin eru lengdarbaugur á 6° 15' austlægrar lengdar.

Að auki má sækja um leyfi til leitar og vinnslu í dýpri jarðlögum undir eftirtöldum vinnslusvæðum sem hafa verið afmörkuð í dýpt:

- a) Vinnslusvæðið Lulita skv. leyfi 7/86, dýptarmörk 3 750 metrar.
- b) Vinnslusvæðið Lulita skv. leyfi 1/90, dýptarmörk 3 750 metrar.
- c) Vinnslusvæðið Amalie skv. leyfi 7/86, dýptarmörk 5 500 metrar.
- d) Vinnslusvæðið Syd Arne skv. leyfi 7/89, dýptarmörk 5 100 metrar á vestanverðu svæðinu og 3 200 metrar á austanverðu svæðinu.

Leyfi eru í flestum tilvikum veitt vegna svæðis sem samsvarar 1–2 reitum en í undantekningartilvikum geta þau tekið til stærra samfellds svæðis, t.d. ef litlum gögnum um svæðið er til að dreifa. Ef lögð er fram umsókn um stærra svæði en sem nemur 1–2 reitum skal tiltaka ástæður fyrir því í umsókninni.

Ákvarðanir og viðmið samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/22/EB voru sett í lögum nr. 526 frá 11. júní 2002 um nýtingu auðlinda í jörðu í Danmörku og birtust 20. maí 2005 í *Statstidende* (dönsku stjórnartíðindunum) nr. 93 í kaflanum ýmsar tilkynningar og útboð.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang og má einnig senda þangað fyrirspurnir í tengslum við tilskipun 94/22/EB:

Transport- og Energiministeriet  
Energistyrelsen  
Amaliegade 44  
DK-1256 København K  
Sími: (45) 33 92 67 00  
Bréfasími: (45) 33 11 47 43  
Netfang: [ens@ens.dk](mailto:ens@ens.dk)  
Vefsetur: [ens.dk](http://ens.dk)

Þess er að vænta að leyfum verði úthlutað 3 til 5 mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

**Tilkynning franskra stjórnvalda um afnám almannaþjónustukvaða sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug á leiðunum Le Havre–Rouen–Strassborg, Saint-Brieuc–París og Saint-Brieuc–Nantes**

2005/EES/37/25

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að afnema almannaþjónustukvaðir sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum:

1. Milli Le Havre og Strassborgar um Rouen, sjá *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* C 279 frá 25. september 1996, með áorðnum breytingum frá 16. apríl 1998 (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* C 116).
2. Milli Saint-Brieuc og Parísar, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 53 frá 7. mars 2003.
3. Milli Saint-Brieuc og Nantes, sjá *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* C 34 frá 9. febrúar 1999, með áorðnum breytingum frá 14. ágúst 1999 (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* C 233).

**Tilkynning franskra stjórnvalda um breytingar á almannaþjónustukvöðum sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug milli La Rochelle og Lyon og milli Poitiers og Lyon**

2005/EES/37/26

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta almannaþjónustukvöðum sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug milli La Rochelle (Île de Ré) og Lyon (Saint-Exupéry) annars vegar og Poitiers (Biard) og Lyon (Saint-Exupéry) hins vegar á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Breytingin öðlast gildi 1. nóvember 2005. Nýju kvaðirnar koma í stað þeirra sem áður hafa birst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 79, 30. mars 2004, vegna flugvallarins í La Rochelle (Île de Ré) og C 299, 4. desember 2004, vegna flugvallarins í Poitiers (Biard)).

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 153 frá 24. júní 2005.

**RÍKISAÐSTOÐ**

2005/EES/37/27

**(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar sem beint er til annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

**Ríkisaðstoð C 31/2002 (áður N 149/2000) – Tímabundnar ráðstafanir á raforkumarkaði – Belgía**

Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt stjórnvöldum í Belgíu að ákveðið hafi verið að hætta rannsókn á ofangreindri aðstoð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 175 frá 15. júlí 2005.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð í samræmi við 87. og 88. gr. EB-sáttmálans****2005/EES/37/28****Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Þýskalandi til stuðnings kvikmyndaframleiðslu í þýsku sambandsríkjunum (*Länder*), ríkisaðstoð nr. N 411/04, sjá Stjtið. ESB C 145, 15.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun stjórnvalda í Hollandi um endurtryggingar fjárfestinga fyrir árið 2003 í því skyni að ýta undir fjárfestingar á nýmörkuðum, ríkisaðstoð nr. N 457/03, sjá Stjtið. ESB C 145, 15.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað fjárfestingaraðstoð stjórnvalda í Portúgal í þágu Infineon Technologies S.A., ríkisaðstoð nr. N 614/2003, sjá Stjtið. ESB C 145, 15.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Langbarðalandi) í þágu skógarvinnslu, ríkisaðstoð nr. N 65/2005, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Grikklandi með heitinu FAR, sem hefur að markmiði að bæta tjón af völdum veðurs, ríkisaðstoð nr. N 111/04, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað sérstaka aðstoðaráætlun stjórnvalda í Lúxemborg sem lýtur að öryggi matvæla, ríkisaðstoð nr. N 205E/2004, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Veneto) í þágu kvikfjárræktar, ríkisaðstoð nr. N 335/A/04, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Veneto) í því skyni að bæta tjón af völdum plöntusjúkdóma, ríkisaðstoð nr. N 348/04, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Piemonte) í þágu landbúnaðarsvæða sem hafa beðið tjón af völdum veðurs, ríkisaðstoð nr. N 447/04, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Bretlandi með heitinu Northern Ireland Weather Aid (2002) Scheme, ríkisaðstoð nr. N 545/03, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi til fjárfestinga vegna flutninga á korni, olíuríku fræi og prótínríkum jurtum á skipgengum vatnaleiðum, ríkisaðstoð nr. N 554/2004, sjá Stjtið. ESB C 153, 24.6.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Póllandi vegna tímabundinna varnarráðstafana í þágu skipasmíðastöðva, ríkisaðstoð nr. N 81/2005, sjá Stjtið. ESB C 162, 2.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi (Aquitaine) vegna lagningar afkastamikils fjarskiptakerfis í héraðinu Pyrénées-Atlantiques, ríkisaðstoð nr. N 381/04, sjá Stjtið. ESB C 162, 2.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað lán stjórnvalda á Spáni vegna þróunaraðstoðar í Bangladesh, ríkisaðstoð nr. N 517/2004, sjá Stjtið. ESB C 162, 2.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingar á áætlun stjórnvalda á Írlandi með heitinu Alternative Energy Requirement Scheme (AER VI), ríkisaðstoð nr. N 540/2003, sjá Stjtið. ESB C 162, 2.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Abruzzi) vegna símenntunar í fyrirtækinu Finmek, ríkisaðstoð nr. N 30/04, sjá Stjtið. ESB C 172, 12.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Danmörku sem hefur að markmiði að auðvelda yfirfærslu nýrrar þekkingar og tæknikunnáttu milli opinberra rannsóknarstofnana og verslunar- og iðnfyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 168/2004, sjá Stjtið. ESB C 172, 12.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi vegna endurskipulagningar í fyrirtækinu Fret SNCF, ríkisaðstoð nr. N 386/2004, sjá Stjtið. ESB C 172, 12.7.2005.



Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Spáni (Katalóníu) vegna rannsókn- og tækniuppbyggingar, ríkisaðstoð nr. N 500/2004, sjá Stjtið. ESB C 172, 12.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Þýskalandi við kolanámufyrirtæki árin 2001 og 2002, ríkisaðstoð nr. N 85/2004, sjá Stjtið. ESB C 172, 12.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Hollandi í því skyni að þróa nýja tækni sem byggist á hendni sameinda, ríkisaðstoð nr. N 200/2004, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu við Solvay Rosignano, ríkisaðstoð nr. N 345/2004, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Belgíu vegna uppbyggingar iðngarða og rekstrar Antwerpenflugvallar, ríkisaðstoð nr. N 355/2004, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Hollandi vegna svæðisbundinna fjárfestinga á vegum SABIC, ríkisaðstoð nr. N 345/2004, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað fjárstuðning stjórnvalda í Belgíu vegna uppbyggingar mannvirkja í höfnum í Flandri, ríkisaðstoð nr. N 520/2003, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Tékklandi vegna endurskipulagningar í VPFM, ríkisaðstoð nr. N 600/04, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað endurskoðun á einstökum félagslegum kerfum stjórnvalda í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 52/2003, sjá Stjtið. ESB C 176, 16.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð við fiskveiði- og fiskeldisfyrirtæki á Ítalíu (Toscana), ríkisaðstoð nr. N 7/2004, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingu á áhættufjármagnssjóði stjórnvalda í Grikklandi með heitinu TANWO, ríkisaðstoð nr. N 105/2004, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rannsókn- og þróunarástoð stjórnvalda á Ítalíu vegna fjárfestinga í tilteknum atvinnugreinum í Langbarðalandi, ríkisaðstoð nr. N 180/2004, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Hollandi sem hefur að markmiði að ýta undir tilraunir með nýja orkugjafa og nýskapandi sýniverkefni á sviði orkunýtingar, ríkisaðstoð nr. N 222/2004, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rannsókn- og þróunaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi sem hefur að markmiði að styðja verkefni á sviði nýrra efna, ríkisaðstoð nr. N 3/04, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi í tengslum við notkun endurnýjanlegra orkugjafa, ríkisaðstoð nr. N 32/04, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Hollandi til orkurannsókna, ríkisaðstoð nr. N 101/2004, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rannsókn- og þróunaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi (Berlín) með heitinu *ProFit*, ríkisaðstoð nr. N 574/03, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rannsókn- og þróunaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi með heitinu *Microsysteme*, ríkisaðstoð nr. N 602/03, sjá Stjtið. ESB C 177, 19.7.2005.

Fullgildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:

[http://europa.eu.int/comm/secretariat\\_general/sgb/state\\_aids](http://europa.eu.int/comm/secretariat_general/sgb/state_aids)

<b>2005/EES/37/22</b>	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/37.533 – Kólínlórið (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21) . . . . .	<b>11</b>
<b>2005/EES/37/23</b>	Auglýst eftir tillögum – EAC/22/2005 — Tempus III: Leiðbeiningar fyrir umsækjendur 2005–2006 . . . . .	<b>11</b>
<b>2005/EES/37/24</b>	Orðsending danskra stjórnvalda um auglýsingu eftir umsóknum um leyfi til kolvatnsefnaleitar og -vinnslu á tilteknu svæði í Norðursjó — Sjötta leyfisúthlutunarlotu danskra stjórnvalda . . . . .	<b>12</b>
<b>2005/EES/37/25</b>	Tilkynning franskra stjórnvalda um afnám almannaþjónustukvaða sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug á leiðunum Le Havre–Rouen–Strassborg, Saint-Brieuc–París og Saint-Brieuc–Nantes . . . . .	<b>13</b>
<b>2005/EES/37/26</b>	Tilkynning franskra stjórnvalda um breytingar á almannaþjónustukvöðum sem gilt hafa í tengslum við áætlunarflug milli La Rochelle og Lyon og milli Poitiers og Lyon . . . . .	<b>13</b>
<b>2005/EES/37/27</b>	Ríkisaðstoð (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) — Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar sem beint er til annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans — Ríkisaðstoð C 31/2002 (áður N 149/2000) – Tímabundnar ráðstafanir á raforkumarkaði – Belgía . . . . .	<b>13</b>
<b>2005/EES/37/28</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð í samræmi við 87. og 88. gr. EB-sáttmálans — Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við . . . . .	<b>14</b>

### **3. Dómstóllinn**